

# Ferlið

Ferlið hefst á því að íbúar safna saman undirskrifalista allra í götunni og sækja um að verða Nágrannavörslugata.

Íbúar safnast saman í götu sinni og fá afhenda tvo límmiða með merki nágrannavörslunnar til að líma á rúður að framan og aftanverðri húseign sinni. Skiltum á stærð við umferðarskilti verður komið fyrir í götunni (sjá mynd af skilti á forsíðu).

Fulltrúar frá lögreglu og Reykjanesbæ mæta og afhenda íbúum skilti og límmiðana.

Góður granni er áhrifaríkasta afbrotavörnin. Staðreyndin er sú að áhugasamir nágrannar sem vinna með lögreglu geta orðið sterkasta aflið gegn brotum.

Vonast til þess að hægt verði að útvíkka nágrannavörsluverkefnið til fleiri samfélagsverkefna í framtíðinni. Nágrannar standi ekki aðeins saman í að sporna gegn innbrotum og skemmdarverkum, heldur líka í baráttunni gegn einelti, vímuefnaneyslu unglunga og umferðarslysum svo fátt eitt sé nefnt.

## Frekari upplýsingar veitir:

- **Dóra Steinunn Jóhannsdóttir – Umhverfissvið í síma 421-6700 eða netfangið: [dora.s.johannsdottir@reykjanesbaer.is](mailto:dora.s.johannsdottir@reykjanesbaer.is)**